

Nd.

116. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Flutningsm.: Árni Jónsson, Jakob Möller, Tryggvi Þórhallson, Ólafur Thörs,
Magnús Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 40, 20. júní 1923, orðist svo:

Í öllum kaupstöðum landsins, og sömuleiðis í hverju því kauptúni, sem hefir 500 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir, sem aðganga er seld að.

2. gr.

a-liður 2. flokks 2. gr. laganna orðist svo:

a. Dansleikar allir, sem fram fara á opinberum stöðum, hvort sem haldnir eru fyrir fjelaga einstakra fjelaga eða allan almenning.

3. gr.

Aftan við c-lið 3. gr. komi nýr málslíður:

Undanþága þessi nær þó ekki til innanfjelagsdansleika.

4. gr.

Aftan við 3. gr. bætist nýr liður:

- d. Dansleikar skóla, annara en dansskóla, og skólafjelaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og sjeu fyrir nemendur og kennara eina ásamt gestum þeirra.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 40, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sjer tvær höfuð-breytingar á núgildandi lögum, og miða báðar að því að auka tekjur af skemtanaskatti og flýta fyrir því, að reist verði þjóðleikhús.

Önnur breytingin er sú, að láta lögin ná til fleiri kaптúna en nú gera þau, enda verður ekki sjeð, að rjettlátt sje, að þeir kaupstaðir einir, er hafa 1500 íbúa eða fleiri, beri kostnaðinn af stofnun og rekstri þjóðleikhússins. Hinsvegar þykir ekki taka því að skattskylda til þjóðleikhússjóðs kaптún, sem hafa minna en 500 íbúa.

Hinni breytingunni er ætlað að ráða bót á því, að eins og núgildandi lög eru úr garði gerð, eru nálega allir dansleikar undanþegnir skemtanaskatti, með því að fjöldi þeirra er haldinn í nafni ýmsra fjelaga. Er bersýnilegt, að slíkum skemtunum á síst að hlífa við skatti.